



## Félag löggiltra endurskoðenda

### Námskeið 12. desember 2019 Að uppfylla kröfur ársreikningaskrár

<b>Ætlað:</b>	Opið öllum
<b>Leiðbeinendur:</b>	Unnar Friðrik Pálsson og Ágúst Angantýsson, KPMG
<b>Staður:</b>	<b>Hilton Reykjavík Nordica</b>
<b>Tími:</b>	Fimmtudaginn 12. desember 2019 kl. 9:00 – 12:00
<b>Einingar:</b>	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum reikningsskil og fjármál
<b>Verð:</b>	Kr. 19.500- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 29.000 fyrir aðra
<b>Skráning:</b>	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 15:00 - 11. desember

#### Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir minnisblað ársreikningaskrár RSK í þeim tilgangi að skerpa á málum sem þar er komið inn á og hvernig félagsmenn eigi að bera sig að til að uppfylla þær kröfur sem þar koma fram og eiga við reikningsárið 2019. Fjallað verður um:

- Endurskoðun félaga og rétta skráningu endurskoðenda/skoðunarmanna
- Endurskoðunarskyldu félaga
- Val á endurskoðanda
- Hlutdeildaraðferð dótturfélaga og samstæðureikninga
- Upplýsingagjöf vegna eigin hluta félaga
- Skýrslu stjórnar og ófjárhagslegar upplýsingar
- Áhersluatriði evrópska verðbréfaeftirlitsins (ESMA) vegna skráðra félaga en ársreikningaskrá er meðlimur í ESMA og þau áhersluatriði eiga því líka við um skráð félög á Íslandi

Námskeiðið er einnig hugsað sem vettvangur fyrir endurskoðendur að eiga samtal og skiptast á skoðunum um þau mál sem fram koma í minnisblaðinu.

Leiðbeinendur: **Unnar Friðrik Pálsson**, sérfræðingur hjá KPMG á sviði reikningsskila og aðjunkt í reikningshaldi við Háskólann í Rvík. Hann er viðskiptafræðingur Cand Oecon frá Háskóla Íslands, fjármálasviði og fékk löggildingu árið 2006. Hann hefur komið að námskeiðum FLE, setið í reikningsskilanefnd félagsins og er fulltrúi FLE í reikningsskilaráði.



**Ágúst Angantýsson**, sérfræðingur á ráðgjafarsviði KPMG er viðskiptafræðingur frá Auburn University og með meistaragráðu í umhverfis- og auðlindafræðum frá Hagfræðideild Háskóla Íslands. Ágúst hefur sérfræðipekkingu á sviði sjálfbærni fyrirtækja og stofnana og fer fyrir þeirri þjónustu ráðgjafarsviðs.

